

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

Haustlínan er komin



 **Marmot**[®]
ÞÚ FINNUR MUNINN!



Við vinnum náið með leiðsögumönnum
m.a.



afgreiðslutíma má sjá á heimasíðu okkar

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64
S: 510 9505 | fjallakofinn.is  




Í dag eru 43 ár síðan hinar gullfallegu **Fíji eyjar** öðluðust sjálfstæði frá Bretum.



MÆLIR MEÐ...

FYRIR TÓNELSKA

Á föstudaginn fara fram útgáfu-tónleikar í tilefni af fyrstu plötu tónlistarmannsins unga Einars Lövdahl. Platan ber heitið **Tímar án ráða** og kom út í byrjun ágúst. Glöggir hlustendur hafa eflaust heyrt ljúfa tóna Einars í útvarpi síðustu vikur, en platan var m.a. valin Plata vikunnar á Rás 2 fyrir stuttu. Tónleikarnir á föstudaginn fara fram í Tjarnarbíó klukkan 21:30 en húsið opnar klukkan 20:30. Einari til halds og trausts verður Hjörðin svokallaða, en þar fer einvala lið hljóðfæraleikara. Miðasala er í fullum gangi á miði.is.



FYRIR MJÚKA

Steinar Baldursson er átján ára gamall Verzlingur sem gaf á dögunum frá sér sitt fyrsta lag, en það ber heitið **Up**. Lagið hefur fengið nokkur þúsund áhorf í þá örfáu daga sem það hefur verið inni á Youtube. Hér er um að ræða einstaklega rólega og ljúfa tóna sem ættu að bræða mjúk og óhörðnuð hjörtu í öllum hornum. Sagan segir að Steinar eigi nóg inni og að heillar plötu sé jafnvel að vænta frá honum á næstunni. Monitor selur slíkar sögusagnir ekki dýrara en þær voru keyptar, en þó ekki ódýrara heldur. Það er allavega morgunljóst að hér er á ferðinni drengur sem lesendur ættu að fylgjast vel með í náinni framtíð.



JÓHANN STEINN

Fyrstu sex: 060490.
Uppáhaldsdanshreyfing: Klárlega shufflið enda master.
Æskuátrúnaðargóði: Ég var soddan metalhaus þannig Dimebag Darrel.
Ef ég væri risaeðla væri ég: Snareðla.

Á samning hjá Sony

Jóhann Steinn Gunnlaugsson skrifaði nýverið undir samning við Sony í Mexíkó. Monitor ákvað að kynna sér kappann sem fer lítið fyrir hér heima.

Jóhann segir útgáfuna hjá Sony hafa sprottið út frá endurhljóðblöndun á lagi fyrir strák í Mexíkó. „Sá hafði byrjað sem nemi hjá Sony og fengið leyfi til að stofna nýtt dótturfyrirtæki, Abstractive Music, sem sérhæfir sig í danstónlist. Það hefur svo sprungið út og margir stórir listamenn innan senunnar verða á þessum geisladisk,“ segir Jóhann en umræddur geisladiskur kemur út í nóvember og mun innihalda tvær útgáfur af lagi Jóhanns „Exodus“.

Jóhann tekur vel í fáfræði blaðamanns þegar hann er spurður út í starfsheiti sitt og útskýrir góðlátlega að íslenskan hafi ekki enn náð í skottið á öllum enskum tónlistarorðum. „Ég kalla mig Jóhann Stone og er sem sagt það sem væri kallað „electronic music producer“ eða „trance producer“ sem þýðir bara að ég bý til „tech trance“, „trance“ og „progressive house“-tónlist. Ég byrjaði að fíkta í þessu öllu í tölvutíma í skólanum þegar ég var svona sirka 12 ára þar sem við vorum látin raða saman hljóðbúttum í einhverju forriti.“ Jóhann segir eðlilegar ástæður fyrir því að hann hafi

fengið litla umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum. „Ég miða frekar á erlenda markað þar sem þessi tónlist er vinsælli en hérna heima,“ segir Jóhann en hann hefur þó oft en einu sinni haldið uppi fjörinu hjá íslenskum danstónlistarunendum. „Ég hef komið fram hér á Íslandi nokkrum sinnum, meðal annars á Bestu útihátíðinni, nokkrum menntaskólaböllum og klúbba kvöldum og spilaði á seinasta klúbba kvöldinu á Nasa,“ segir hann.

Translagið Icesave

Jóhann segist varla hafa slegið slöku við í tónlistarsköpun sinni frá 14 ára aldri og brátt fór hann að senda lögin sín um allar trissur. Eftir ýmsum krókaleiðum endaði hann með því að senda plötusnúðnum Armin Van Buuren lag eftir sig og pródúsentinn Setrise.

„Ég sendi Setrise lag sem ég hafði verið að semja sem yrði síðar kallað „Icesave“. Það var svolítið „inside“ djök þar sem við töldum þetta líklegast vera fyrsta samstarfsverkefni Íslands og Hollands síðan Icesave. Hann ákvað

að lokum að senda það á Armin. Svarið sem við fengum var „I Love the track and I'd like to release it on A State of trance.“ og þá fyrst fór mig að gruna að þetta gæti verið eitthvað sem ég myndi gera í framtíðinni.“ State of trance er bæði útvarpsþáttur Armins og stærsta undirfyrirtæki útgáfusamsteypunnar Armada sem hefur trekk í trekk verið valið besta útgáfufyrirtæki heims síðustu fjögur árin á International Dance Music Awards. „Þetta kom mér heldur betur á kortið innan senunnar,“ segir Jóhann og bætir því við að Armin hafi jafnframt spilað lagið í 550. útvarpsþætti sínum en 50. hver þáttur kynnir stærstu listamennina innan danstónlistar senunnar hverju sinni.

Það er ljóst að það er nóg að gera hjá kappanum enda virðist eitt gæfuskrefið reka annað en Jóhann stefnir að sjálfsgöðu á enn frekari útrás á næstunni. „Ég fór núna í byrjun árs og spilaði í Skotlandi og verð líklegast að spila þar aftur í lok árs á stærsta klúbbum, en það er þó ekki negt niður,“ segir hann, sallarólegur yfir velgengninni.

BLAÐIÐ Í TÖLUM

- 17** ára gömul varð Hulda Hvönn Kristinsdóttir ólétt
- 93** er árið sem tvörkið hóf innreið sína í Bandaríkin
- 38** ára gamall er Sigmundur Davíð forsætisráðherra
- 40** meðlimir eru í Rugby félagi Reykjavíkur

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjórn: Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)
Blaðamenn: Hersir Aron Ólafsson (hersir@monitor.is), Rósa María Árnadóttir (rosamaria@monitor.is), **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Gólli (goll@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Í fæðingarorlofi:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is), Lís Hafíðadóttir (lisa@monitor.is) **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

BA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

Af orð(a)bragði og blæti

Næsta sumar mun ég (vonandi) útskrifast með BA gráðu í bókmenntafræði. Nýlega var ég spurð hvernig í andskotunum ég álpaðist í það fag. Ég var svona hálfpartinn búin að gleyma því sjálf hvernig sú ákvörðunartaka átti sér stað en gat þó fljótlega rakið atburðarásina nokkurn veginn.

Þegar ég var í 9. bekk spilaði Hafliði enskukennari lagið Hotel California fyrir bekkinn minn og sagði okkur að þetta lag væri bara alls ekkert um eitthvert skitið hótél. Þessi hugmynd um að maður gæti sagt eitt en meint annað og meira var stórkostleg í mínum huga. Ég hef alltaf notið þess að smjatta á orðum og þarna var komið eitthvert nýtt bragð í blönduna.

Ímenntaskóla tók ég íslensku áfanga sem íeinblíndi á bókmenntir. Í lokaprófunum romsaði ég út ljóðgreiningum fyrir þjáníngar-

systkini mín í prófljótunni og uppgötvaði að þetta var eitthvað sem mér þótti ósegjanlega gaman. Sérstaklega ef ég gat fundið typpið í textanum, en meira um það síðar.

Ef ég mætti velja ég ljóðgreinandi og fólk myndi hringja í mig með ljóðaneyðartilfelli sem ég myndi greina. Í staðinn er ég íhlaupa ritsýra Monitor en það er nú líka drullufínt. Þar til ljóðaneyðartilfelli fara að setja mark sitt á samfélagið verð ég víst að sætta mig við að vera orðaperri og ljóðgreiningarplebbi í frístundum.

Ég bið að heilsa, Anna Marsý



VIKAN Á FACEBOOK

Hallfríður Þóra Tryggvadóttir
Mig dreymdi í nótt að Dorrit byrjaði að tala við mig á Facebook-spjallinu. Hún náði samt ekki að segja neitt. Sá bara "Dorrit is typing".
7. október 2013 kl. 14:28

Atli Fannar Bjarkason
Annað hvort hefur Mjólkursamsalan gert dramatískar breytingar á þökkunaraðferðum sínum eða ég búinn að tapa kunnáttunni til að opna mjólkurfurnur. Tvær í röð ljúga ekki.
3. október kl. 17:51

Bubbi Morthens
Í upgjöfni fólst sigur minn. Þannig fékk ég byr undir vængina. Þegar ég lá í niðurlægingu minni og taldi mig ekki geta upplifað meiri sársauka og hélt að lífið væri búit. Þá vissi ég ekki að þetta voru fæðingarhríðar hins nýja lífs míns. Og mín biði sólarupkoma hvern einasta dag þar sem sem hverdagsleikin varð uppljómaður.
7. október 2013 kl. 19:56

Hver er Kjartan og hvað er hann að gera þessa dagana?

Upprunalega er ég úr Grafarvoginum, en útskrifaðist úr Fjölbrotaskólanum við Ármúla. Ég hef auk þess búið í Venesúela og Kólumbíu. Ég er núna á fyrsta ári í læknisfræði og mun halda mig þar eftir að hafa prófað hreinlega allt sem háskólinn býður uppá. Ég bý með kærustunni minni og við eigum þrjá litla hunda sem mér þykir mjög vænt um. Ég æfi síðan rugby með Rugby Félagi Reykjavíkur, en við erum að byrja undirbúning og uppbyggingu fyrir spennandi næsta sumar.

Hvers vegna fórst þú að stunda rugby?

Ég heyrði fyrst af rugby þegar ég bjó í Venesúela, en þar kynntist ég brjáluðum Ný-Sjálending sem æfði rugby og kynnti mig fyrir íþróttinni. Þessum félagi mínum blöskraði að Ísland var ekki með rugby lið á þessum tíma, þar sem við erum víst með þennan „hardcore“- stimpil á okkur í útlöndum og það fékk mig til þess að hugsa hvort þetta ætti ekki bara vel við okkur. Þetta heillaði mig mjög mikið og eftir að ég heyrði nokkru seinna af Rugby Félagi Reykjavíkur þá ákvað ég að ganga til liðs við meistarana sem æfa þar.

Hefur þú verið í öðrum íþróttum áður?

Ég æfði fótbolta þegar ég var krakki en var langt því frá að brillera þar. Þá ákvað ég að skipta yfir í taekwondo, æfði það í nokkur ár og gekk ágætlega.

Hvernig er rugby í samanburði við þessar íþróttir?

Rugby er fáránlega skemmtileg íþrótt og það sakar ekki að vera vanur höggum úr taekwondo eða hafa einhvern tíman þurft að spila með liði eins og í fótboltanum. Það sem mér finnst þægilegt við rugby er að hér má maður hlaupa eins hratt og maður getur án þess að þurfa að driplla eða rekja bolta, maður má tækla andstæðinginn niður, maður má glíma um boltann en á sama tíma passa sig að halda skipulagi og spila sem ein heild. Leiknum fylgir svo mikið adren-alín-búst enda mikill hraði og átök í gangi. Einnig er þekkt staðreynd að það er mikið félagslíf í kringum rugby sbr. staðalímyndina af rugbyliðinu á pöbnum eftir leik.

Hvernig fara æfingar fram?

Þær fara fram tvisvar í viku. Á þriðjudögum er æft „touch rugby“ þar sem nægir að rétt snerta andstæðinginn og reynir meira á snerpu, hraða og útsjónar-semi. Á fimmtudögum er „full contact“ og þar er full snerting og meiri áhersla er lögð á kraft, samspil og raunverulegar aðstæður í rugby leik. Utan hefðbund-inna æfinga er síðan lögð áhersla á lyftingar og hlaup.

Eru margir að spila rugby héma í dag?

Á Íslandi eru tvö rugby lið, Rugby Félag Kópavogs og Rugby Félag Reykjavíkur. Í Reykjavík eru u.þ.b. 40 meðlimir. Þetta er vaxandi íþrótt héraðs og mun vonandi skipa stóran sess í íþróttalífi landsmanna á komandi árum.

Hvernig eru leikreglur og keppnishald?

Það er bæði til fimmtán og sjö manna rugby, en báðar gerðir eru spilaðar á velli svipuðum og fótboltavelli. Í fimmtán manna rugby samanstendur liðið af fimmtán leikmönnum sem eru ýmist háir, lágir, léttir eða breiðir og gegna hver sínu hlutverki. Afturlínan „Backs“ er talsvert léttari á sér en framlínan, en þar er meðal annars að finna sprettharða vængi, útsjónarsama „center“ menn auk hálfgerðs leikstjórnanda. Framlínan er svo þekkt fyrir að hafa rumana í liðinu, þeir þurfa að vera þungir og sterkir til þess að mæta stóru strákunum í hinu liðinu og geta brotið sér leið í gegnum varnir andstæðinga. Sjö manna rugby er frábrugðið að því leiti að þar eru sjö leikmenn í liði og þeir þurfa að vera frekar svipaðir í byggingu og geta hlaupið eins og brjálæðingar þar sem völlurinn helst í sömu stærð, en leikmenn eru helmingi færri. Það gilda margar reglur í rugby, þó að fyrir utanaðkomandi líti þetta út eins og Austurstræti á laugardagsnóttu, bara eitt stórt kaos. Allar tæklingar verða t.d. að vera eftir settum reglum, bannað er að tækla mann sem heldur ekki á bolta, það þarf alltaf að kasta boltanum aftur fyrir sig o.s.frv. Næsta sumar er landslið Íslands að fara að keppa á Evrópumótinu í sjö manna rugby, við keppum í „Scandinavian 7's“ í Danmörku auk þess sem erlend lið munu sækja okkur heim og nokkrir leikir milli íslensku liðanna verða haldnir.

Nú sér maður rugby fyrir sér sem sport fyrir stóra og æsta kraftajötna sem vilja lúskra hver á öðrum, er þetta rétt mynd?

Nei, alls ekki. Þannig myndi leikurinn aldrei ganga upp og auðvitað gilda skýrar leikreglur rétt eins og í öðrum íþróttum. Það sakar samt ekkert að vera stór og æstur kraftajötunn, en burtséð frá líkamsbyggingu þá skilar það sér miklu betur að vera hæfileikaríkur leikmaður en að ætla að komast í gegnum leikinn á ofbeldinu einu saman.

Hvernig snúa þeir sér sem hafa áhuga á að byrja í sportinu?

Finnið okkur á facebook undir Rugby Félag Reykjavíkur eða Rugby Ísland, þar er hægt að finna æfingatíma og alla viðburði tengda íþróttinni. Æfingar verða áfram út október og er þeim sem hafa áhuga velkomið að koma og taka þátt!

Ekki bara ofbeldishneigðir kraftajötnar

Rugby hefur verið vaxandi íþrótt á Íslandi á síðustu árum og eykst stöðugt fjöldi þeirra hreystimenna sem hlaupa um Hlíðarendavöll með bolta í hönd. **Monitor** heyrði í lækna-nemanum **Kjartani Þórssyni** sem er á fullu í sportinu.



KJARTAN

Fyrstu sex: 030988

Morgunmat: Hafra-grautur og ávallt lýsi

Lag sem lýsir rugby ferli

mínun best: MC Hammer

– U can't touch this

Leiðinlegasti sjónvarps-

þáttur: Private Practice

Skalli

Sá svalasti í boenum

**Borgari, franskar,
gos og kokteilsósa**

1.790 kr.



Akureyringur

Nautakjöt, ostur,
tómatar, agúrkur,
jöklasalat, franskar
og hamborgarasósa

Indverji

Indverskt buff í grófu
naanbrauði, grilluð
paprika, rauðlaukur,
jöklasalat, raita og
mangó chutney



Texasborgari

Nautakjöt,
laukhringir, nachos,
jöklasalat, salsa
og jalapenosósa



SUNNA BEN

Fyrstu sex: 230389.
 Lag sem einkennir líf mitt þessa dagana er: 23 með Miley Cyrus. 23 er bæði lukkadagurinn minn og afmælisdagurinn minn.
 Uppáhalds ofurhetjan mín er: Kattakonan, leikin af Eartha Kitt.

MARÍA LILJA

Fyrstu sex: 010986.
 Lag sem einkennir líf mitt þessa dagana er: Ziwzih Ziwzih Oo-Oo-Oo með Delia Derbyshire.
 Uppáhalds ofurhetjan mín er: Mamma.



Átti að heita Píkupopp

Þær Sunna Ben Guðrúnardóttir og María Lilja Þrastardóttir feta sín fyrstu skref í útvarpi á sunnudaginn kemur í þættinum **Barmageddon** á X-inu.



Flottir jakkar:
16.995,-
 einnig til í svörtu

Sparkz 
 Kringlan | s.512 1730

Fylgstu með okkur á Instagram #sparkzkringlan og taktu þátt í skemmtilegum leik

Hvernig kom það til að þið fenguð þennan útvarpsþátt upp í hendurnar?

S Við María byrjuðum að DJ-a saman í framhaldi af því að við vorum að senda á milli okkar fullt af kvenrappmyndböndum og þetta hefur bara þróast út frá því.

M Ég þekki Frosta og Mána ágætlega og hef mörgum sinnum tudað yfir rírum hlut kvenna innan stöðvarinnar. Þeim fannst kominn tími á að ráða inn nokkrar stelpur svona til að breyta til og fylgja eigin jafnréttisstefnu. Það vantar fleiri kvenmenn í útvarp og meiri spilun á kventonlistarmönnum í útvarp

S Það er ótrúlega gaman að fá að búa til þátt sem fylgir ekki einhverri einni tónlistarstefnu heldur tekur fyrir fullt af stefnum. Það verður alveg æði.

Hvernig verður þátturinn byggður upp?

S Aðaláherslan verður á að vera með einhverja áhugaverða umfjöllun, að minnsta kosti eina en helst tvær í hverjum þætti og svo einhver tóndæmi og innskot ef eitthvað nýtt kemur.

Þið ætlið að vera með allar stefnur og hafið mjög fjölbreytt áhugasvið þegar kemur að tónlist. Verður einhver stefna erfiðari en önnur?

M Ég ætla að segja country.

S Mér finnst country alveg meika sens en ég tengi ekkert við raftónlist.

M Já ég er alveg í raftónlistinni og sampli og svoleiðis en hvað varðar nýaldar house tónlist er ég ekki mjög fród.

Svo þið ætlið ekki að skilja „píkupoppið“ útundan?

S Nei, alls ekki. Við ætluðum að heita Píkupopp (hlær). Svo hafði víst verið útvarpsþáttur áður sem hér það og við vildum ekki líta út fyrir að vera að endurvekja þátt sem við vissum ekkert um.

Hvernig kom þá nafngiftin Barmageddon til?

M Við vorum að keyra um verslunarmannahelgina með Maríu Rut vinkonu okkar frá Ísafirði og við erum að velta þessu fyrir okkur út frá Harmageddon. Okkur fannst við svona myndin speglun við Frosta og Mána, ein dökkhærð ein rauðhærð. Út frá því spratt Barmageddon því konur eru með allskonar barma. Svo bara festist þetta.

S Alltaf gaman að svona smá piku-dónó.

Áttuð þið einhverjar fyrirmyndir í tónlistarfólki þegar þið voruð yngri?

S Marilyn Manson var guð minn og ædol þar til ég varð svona 15. En þá var ég líka búin að uppgötva tvær kvenmetalhljómsveitir. Svo þegar ég varð aðeins eldri og netið varð betra fann ég fleiri. Fyrsta femíníska söngkonan sem ég tengdi við var Tairre B í My Ruin. Ég prentaði alla textanna hennar, lærði þá utan af og las þá fyrir vinkonur mínar sem voru afar áhugalausar.

M Ég var kannski meira í grunge kellingunum, Courtney Love og Kim Gordon og svo fannst mér Kolrassa Krókríðandi æði. Skin í Skunk Anasie var líka mikil fyrirmynd. Svo áttum við vinkonurnar náttúrulega Destiny's Child saman og TLC og svona.

Kvenkyns tónlistamenn eru lítið spilaðir í útvarpi nema þá helst þegar kemur að popptónlist. Vantar kannski fleiri kvenfyrirmyndir í aðrar tegundir tónlistar?

S Það eru náttúrulega tónlistarkonur innan allra geira og það þarf bara að beina athyglinni að þeim í auknum mæli.

M Þær konur sem við sjáum eru kannski einna helst beru konurnar og það er auðvitað aðallega innan poppgeirans sem þær ráða ríkjum

María þú ert einmitt móðir Druslugöngunnar svo það er ekki úr vegi að ræða aðeins um þessar beru konur og meintar druslur eins og Miley Cyrus?

M Málið er að það er alltaf pressa á konur að hegða sér á ákveðinn hátt. Miley Cyrus er undir pressu pródúsanta til að selja og kynlíf selur. Hún ákveður að feta þessa leið og við getum ekki sem femínistar og konur ruslað yfir hana fyrir að hegða sér ekki eftir þeim hætti sem okkur finnst réttari. Samfélagið er að setja tvöfalda pressu á Miley Cyrus.

S Sem er greinilega á barmi taugaáfalls. Þessa umræða er svo áhugaverð því fólk er að mála hana upp sem druslu en er drusla ekki einhver sem er lausgirtur og ríður öllum? Mér skilst að hún hafi verið trúlofuð þegar þetta (VMA) gerðist.

M Við eigum ekki að setja okkur á háan hest gagnvart öðru fólki. Við getum samt alltaf leitað leiða til að uppræta undirliggjandi kerfi og ástæðurnar fyrir því að fólk velur að hegða sér eins og það gerir.

HOLLUSTUSKAMMTUR AF VATNI OG VELLÍÐAN ▶



🌿 Án BPA (bisfenóls A)

CAMELBAK® EDDY™

Drekktu nóg og hugsaðu um umhverfið í leiðinni. Skiptu yfir í margnota eddy™ drykkjarbrúsana. Bitstútur sem ekki lekur úr stuðlar að því að þú drekkur meira. BPA fríu brúsarnir úr eddy™ línunni sjá þér fyrir hollustu og vökva í dagsins önn.

VEL BÚIN VATNI Í BAK™ OG FYRIR

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [CAMELBAK.COM/EDDY](https://www.camelbak.com/eddy)

▶ SVÖNG? FÁÐU ÞÉR VATN.
HUNGURTILFINNING ER OFT
EKKERT ANNAÐ EN ÞORSTI.

CAMELBAK®
GOT YOUR BAK



**DÚ GETUR TVÖRKAD HVAR SEM ER
EN DÚ ÆTTIR KANNSKI EKKI
AÐ GERA ÞAÐ HVAR SEM ER**

TILURÐ TVÖRKXSINS

Til þess að styggja ekki annars yndislega yfirlesara ákvað **Monitor** að nota íslenskan rithátt yfir enska orðið „twerk“ í þessari grein. Hvort sem sá ritháttur styggi þig eða ekki ættir þú klárlega að kynna þér sögu tvörksins í þaula.

Orðið tvörk (e. twerk) er samblanda af orðunum „twitch“, „work“ og „jerk“. Uppruni tvörksins er ekki fullkomlega ljós en þó virðist mega rekja hann að einhverju leyti til Vestur-Afríku. Á Fílabeinsströndinni hefur dansinn Mapouka verið iðkaður öldum saman en hann beinist einmitt sérstaklega að rassahristingi álíkum þeim sem tíðkast í tvörki nútímans. Þrátt fyrir að tvörkið þyki ekki dannaður dans krefst hann talsverðrar tækni og einbeitingar af hálfu dansarans. Í Vesturheimi þykir dansinn kynferðislegur en svo virðist sem upprunalega og enn í dag sé dansinn fyrst og fremst tákn glettnislegar gleði í hinum ýmsu afrísku samfélögum.

Miley gerur tvörkið að sínu

Tvörkið var þegar farið að njóta nokkurra vinsælda þegar Miley Cyrus tók það upp á sína arma í myndbandi sínu við lagið „We can't stop“. Tvörkið varð hinsvegar heimsfrægt á einni nóttu eftir að Cyrus tvörkaði á tónlistarmyndbandaverðlaunahátíð (VMA) MTV sjónvarpsstöðvarinnar í ágúst síðastliðnum. Tvörk Miley hefur verið mikið á milli tannanna á fólki undanfarið og

þykir eitt besta auglýsinga-stönt frá því Britney Spears og Madonna deildu heitum kossi á sömu hátíð fyrir nokkrum árum. Rassaköst Miley hefðu hugsanlega ekki komist í það hámmæli sem raun ber vitni ef ekki hefði verið fyrir söngvarann Robin Thicke en samspil þeirra á sviðinu þótti mörgum ósmekklegt og þá sérstaklega í ljósi þess að þau voru að dansa og syngja við hið umdeilda lag Thicke, „Blurred lines“.

Ástralskur upphafsmaður?

Ástralski rapparinn Iggy Azalea lét nýlega hafa eftir sér að Cyrus sé einfaldlega hermikráka. „Ég hef verið að gera þetta á sviði í tvö og hálf ár,“ sagði Azalea í viðtali við poppkultúrblaðið Paper um tvörkið. „Hún (Cyrus) hefur líklega fokking horft á myndböndin mín á netinu og ákveðið að prófa þetta.“


Í ljósi uppruna tvörksins í Afríku þótti Monitor nokkuð ólíklegt að hvít, 23 ára stúlka frá Ástralíu hefði kynnt það fyrir hinum vestræna heimi. Monitor lagðist í rannsóknarvinnu og fann hentuga tímalínu sem útskýrir hvernig tvörkið hefur hægt og rólega tryggt sér sess í poppmenningu samtímans.



**ÞAÐ ER MIKILL MISSKILNINGUR AÐ TVÖRK
SÉ BARA FYRIR FÁKLÆDDAR KONUR**



**MILEY HEFUR KOMIÐ
TVÖRKINU Á KORTIÐ**



**MAPOUKA MUN VERA HIÐ
UPPRUNALEGA TVÖRK**

2013



20 ár af tvörki í Bandaríkjunum

1993



1993 Tvörkið kemur fyrst fram í kringum tegund af hip hop-tónlist sem kallast „bounce“ í New Orleans. Fyrsta skráða notkun á orðinu tvörk kemur fram í lagi DJ Jubilee „Do the Jubilee All“ árið 1993 þar sem meðal annars segir „Twerk baby, twerk baby, twerk, twerk, twerk“.

1995 Kvenrapparinn Cheeky Blakk gefur út lagið „Twerk Something“.

1997 DJ Jubilee snýr aftur til tvörksins með laginu „Get Ready, Ready“, þar sem hlustendum er aftur sagt að tvörka.

2000 Ying Yang Twins gefa út sitt fyrsta lag „Whistle While You Twurk“ en textabrot lagsins sem lýsir tvörki er því miður óprentað í Monitor.

2001 Bubba Sparxxx og Timbaland gefa út lag í sameiningu sem nefnist „Twerk a Little“.

2003 Tvörkið er í fyrsta sinn skilgreint í slangur-orðabók Internetsins, Urban Dictionary, með setningunni „To work one's body, as in dancing, especially the rear end.“

2005 Lag Beyoncé, „Check On It“, kemst í fyrsta sæti bandaríska Billboard-listans en viðlag þess inniheldur setninguna „Dip it, pop it, twerk it, stop it, check on me tonight.“

2006 Lag Justin Timberlake „SexyBack“ slær í gegn en það inniheldur setninguna „Let me see what ya twerkin' with.“

2009 Þrjár unglingsstúlkur frá Atlanta sem kalla sig The Twerk Team setja myndband af sér á veraldarvefnum þar sem þær tvörka við lagið „Donk“ með Soulja Boy. Meira en milljón manns horfa á myndbandið á innan við viku.

2010 Miley Cyrus fer til New Orleans til að leika í myndinni So Undercover og lærir að tvörka.

2011 Lag Waka Flocka Flame og Drake „Round of Applause“ minnst á The Twerk Team sem eru þá orðnar Youtube-stjörnur: „Bounce that ass, shake that ass like the Twerk Team.“

2012 Mars: Myndband Diplo & Nicky Da B „Express Yourself“ hjálpar dansinum að komast enn frekar á framfæri með heilli skruðögöngu af tvörkurum, þar á meðal tvörkurum á hvolfi.

2012 Júní: French Montana „Pop That“ með Lil Wayne, Drake og Rick Ross inniheldur setninguna „What you twerkin' with / Work, work, work, bounce.“

2012 September: Lag Juicy J, „Bandz A Make Her Dance“, inniheldur textabrotið „Start twerking when she hear her song / Stripper pole her income.“

2013 Mars: Myndband af Miley Cyrus að tvörka í einhyrningsheillgalla við lag J. Dash & Flo Rida's „Wop“ fer á netið.

2013 Maí: 33 menntaskólanemendur í San Diego eru reknir úr skóla fyrir að gera myndband af sér að tvörka á skólalóðinni með myndatökuvélum skólans.

2013 Júní: Miley Cyrus tvörkar á tónleikum Juicy J í Los Angeles.

2013 Júlí: Lag Jay Z „Somewhereinamerica“ af plötunni Magna Carta...Holy Grail inniheldur textabrotið „Feds still lurking / They see I'm still putting work in / Cause somewhere in America / Miley Cyrus is still twerkin.“

2013 Ágúst: Miley Cyrus tvörkar á VMA-hátíðinni. - The Oxford English Dictionary bætir tvörkinu við orðasafn sitt.

- Lil Twist gefur út lag sem heitir einfaldlega „Twerk“ með Miley Cyrus og Justin Bieber.

- Diplo tilkynnir að hann hyggst setja heimsmet í hóptvörki á Electric Zoo festival í New York. Ekkert verður af metinu þar sem síðasta degi hátíðarinnar var aflýst sökum dauðsfalla af völdum eiturlyfja.

- Juicy J tilkynnir á Twitter að hann hyggist gefa þeirri stúlku sem getur tvörkað best 50 þúsund dala námsstyrk.


2013 September: Tvörkið er útnefnt sjónvarpsorð ársins af The Global Language Monitor.




1995




2001



2003



2005




2012



2009




2006



Heimildir: Joe Lynch, A Brief History of Twerking, Fuse, 28. ágúst 2013.

© 2013 CW-X. CW-X is a Mecal Corp. registered trademark.



ÚTHALD

CW-X® CW-X Stabilyx íþróttabuxur

- styður við hné, kvið, mjóbak, mjaðmir, læri, IT band, kálfa og hásin
- örvar blóðflæði og dregur úr myndun harðsperra
- eykur stöðugleika, jafnvægi, hreyfigetu og úthald
- dregur úr hættu á meiðslum



„Hægt að toppa á ýmsan hátt“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er fimmti yngsti þjóðarleiðtogi heims, rétt á eftir leiðtoganum mikla Kim Jong-un. Þessa vikuna tekur hann þátt í átaki **Bleiku slaufunnar** með ýmsu sprelli og er ófeiminn þegar kemur að því að styrkja góð málefni.





UPPÁHALDS

Matur: Hangkjöt
Þingmaður: Jón Sigurðsson
Þjóðarleiðtogi: Jón Sigurðsson
Skótegund: Lloyds, fyrst lúnnar-
skór eru ekki fáanlegir lengur
Grænmeti: Allt íslenskt grænmeti

Blaðamaður hitti Sigmund Davíð í huggulegu fundarherbergi í Stjórnarráðinu, eða Múrnum, eins og byggingin hét þegar hún hósti fangelsi á árum áður. Verandi önnurum kafinn maður hafði ráðherrann ekki mikinn tíma aflögu en náði þó að deila með Monitor ýmsum skemmtilegum sögum.

Texti: Hersir Aron
Myndir: Gollí

hersir@monitor.is
gollí@mbl.is

Hvað ert þú að gera tengt þessu átaki um Bleiku slaufuna?

Það er svona eitt og annað sem ég hef gert, þetta er búið að vera býsna fjölbreytilegt og skemmtilegt. Maður hefur prófað hluti sem maður hefði kannski ekki gert annars erum ég og fjármálaráðherra búnir að bregða okkur í Star Trek-gervi til þess að láta taka af okkur mynd sem verður boðin upp á fimmtudaginn (í dag). Við erum síðan búnir að leika í auglýsingu og gera eitt og annað, þannig að þetta er búið að vera fjörukt og skemmtilegt. Það er alltaf gott að geta komið að líði þegar um er að ræða góðan málstað.

Þið þjóðarleiðtogarnir eruð alveg til í sprellið?

Ég hef svona reynt að halda aftur af aðstoðarmönnum okkar í sprellinu, en þau eru stórhættuleg hvað það varðar og fá alls konar hugmyndir. Þegar þau síðan komust í kynni við fólk sem var með átakið með Bleiku slaufuna fóru ýmsar frumlegar hugmyndir að fæðast. Sumar þeirra gengu reyndar það langt að þær voru aldrei inni í myndinni. Maður er samt alltaf tilbúinn að gera hluti sem maður myndi ekki hugleiða ella þegar málefnið er gott.

Finnst þér þú hafa breyst eitthvað í viðmóti eftir að þú varðst forsætisráðherra? Ert þú virðulegri maður en áður?

Nei, ég myndi ekki halda það. Þegar við kynntum ríkisstjórnina var ég spurður hvornig forsætisráðherra ég ætlaði að verða, hvort ég vildi verða merkilegur með mig eða „libó“. Ég sagðist vonandi verða bara eins libó og ég hef alltaf verið. Ég vona allavega að það hafi gengið eftir, ég hef a.m.k. ekki orðið var við neinn mun. Fólk fær það kannski á tilfinninguna þegar maður verður forsætisráðherra verði einhvers konar breyting, en hvað sjálfan mig varðar finnst mér þetta ekki hafa breytt mér neitt að ráði.

Hvernig er vinnutíminn hjá forsætisráðherra? Eru menn einhvern tímann alfarið ekki í vinnunni og í algjörrí slökun?

Það er eiginlega aldrei þannig að ég geti alveg slakað á. Þetta er í rauninni eitthvað sem maður er bara búinn að venjast í þessu stjórnmalastarfi. Ég held aftur á móti að þetta sé verra fyrir fjölskyldur stjórnmalamanna. Maður stendur sig t.d. að því að segja aftur og aftur við konuna sína að núna ætli maður að taka frá tíma, vera með fjölskyldunni og slaka á. Það bregst nánast aldrei að eitthvað kemur upp á, síminn hringir eða það þarf að mæta eitthvert. Jafnvel þegar maður heldur sig við planið og fer í bíó eða annað slíkt þá er maður að laumast í að senda sms undir jakkanum eða fer í símann í hléinu o.s.frv. Ég held þess vegna að þetta sé svolítið leiðinlegt fyrir fjölskyldur stjórnmalamanna að þeir eru nánast alltaf í vinnunni.

Gerir þú semsagt svona hversdagslega hluti, ferð í bíó, sund og slíkt reglulega?

Nei síðan er það annað, ég þyrfti að fara að gera meira af slíku. Sérstaklega þyrfti ég þó að gera meira af því að hreyfa mig. Ég áttaði mig á því fyrir nokkrum dögum að ég hef varla hreyft mig neitt mánuðum saman, fyrir utan ferðir um landið í kosningabaráttunni. Þá var heldur ekkert hlaupið milli bæja. Það er bæði gott og nauðsynlegt að taka frá tíma í að hreyfa sig til þess að geta hugsað og komið heilanum í gang því þá fyrst fær maður frumlegar hugmyndir og getur sett hlutina almennilega í samhengi. Ég held það megir ekki líta svo á að sá tími sem fer í hreyfingu sé tímasóun. Tilhneigingin hefur verið sú að jafnvel þegar ég ákveð að taka frá klukkutíma til þess að fara út að ganga þá myndast þar gat í dagskránni sem verður síðan hentugt að nýta í eitthvað sem kemur upp. Núna þarf ég að fara að ákveða að halda mig við það að hreyfa mig og telja það fullgildan dagskrárlíði. Eldri stjórnmalamenn segja mér líka að maður verði að taka frá tíma til þess að hvíla sig með fjölskyldunni, bæði þeirra og sjálfs síns vegna.

Einnig er nauðsynlegt að vera inni í málunum almennt. Ég stend mig að því þessa dagana að vita ekkert hvað er að gerast í enska boltanum, allt í einu er komið fullt af leikurum sem eru frægir, nýir tónlistarmenn sem ég hef aldrei séð áður o.s.frv. Maður dettur svolítið út úr þessu öllu saman.

Hvernig verður maður forsætisráðherra, hvað ert þú búinn að vera að gera síðustu árin?

Ég var talsvert í fjölmöldum, síðan í námi og ýmsum skipulagsmálum. Ég hafði reyndar ákveðið að fara aldrei út í stjórnmal þó ég hefði alltaf haft mikinn áhuga á þeim. Síðan fór ég að tjá mig um alls konar mál eftir hrúnið og var kannski svolítið áberandi í kringum það. Í desember 2008 var ég staddur í Stokkhólmi og fékk símtal frá manni sem ég hafði aldrei talað við áður. Hann sagði mér að hann og nokkrir aðrir hefðu verið að funda og komist að þeirri niðurstöðu að ég ætti að bjóða mig fram í formann Framsóknarflokksins. Þetta fannst mér svolítið sérstakt og sagði að þetta væri ekki raunhæf hugmynd, en áhugaverð samt sem áður.

Þeir hringdu í mig aftur stuttu seinna og báðu mig um að drífa mig austur til þeirra frá Stykkishólmi og ræða málin. Ég áréttaði að ég væri í Stokkhólmi og yrði þar í nokkra daga. Þegar ég kem heim slæ ég hins vegar til og hitti fólk á Egilsstöðum. Þar er keyrt með mig í sal fullan af fólk með uppstilltu ræðupúlti. Þangað var mér sagt að fara og halda ræðu um það hvers vegna ég ætti að verða formaður Framsóknarflokksins. Ég átti ekki alveg von á þessu og sagðist ekki myndu ræða þetta efni, en ég ræddi ýmis önnur mál. Eftir mörg símtöl frá mönnum og umræður dagana á eftir ákvað ég að slá til og bjóða mig fram þegar það var síðasti séns að skila inn framboði. Ég tilkynnti um þetta framboð í þætti á Skjá Einum, en það var frekar erfitt þar sem hinn gesturinn í þættinum var Erpur Eyvindarson og hann gerði ekki annað en að djóka og reyna að slá mig út af laginu. Þetta hafðist þó og eftir mikið ferðalag um landið og framboðsfundi var ég kosinn formaður Framsóknarflokksins.

Til þess að lýsa því hvað þetta var óvænt þá biðu mín eftir kjörrið blómvendur frá formönnum næstum því allra flokkanna. Ég var hins vegar svekktur að fá ekki blómvönd frá þeim flokki sem ég vildi helst, Framsóknarfloknum. Síðan rann þetta upp fyrir mér: „Ég er formaður Framsóknarflokksins.“ Síðan þarna hef ég verið í stjórnmalunum og á þingi, og síðan ætlaðist það þannig að ég stend uppi sem forsætisráðherra í dag.

Að öðru, ég fletti á dögnum yfir Alþingisrásina með litlum frænda og spurði hvort hann vissi hvað þarna væri í gangi. Hann svaraði „já, þarna er bara eitthvað fólk að rífast“. Hvað finnst þér um þessa greiningu?

Já, stjórnmalin birtast örugglega mikið svoleiðis út á við. Það er samt að miklu leyti vegna þess að það þykir fréttæmast einmitt þegar fólk er að rífast. Maður hefur séð þetta hvað eftir annað, að sama hversu langur tími fer í rökraðu og nýjar hugmyndir þá þykir alltaf áhugaverðast þegar mönnum lendir saman. Það er þó ákveðin hefð fyrir því að í þingsalnum snúist þetta oft mikið um að takast á. Ég held samt að margir hafi ekki alveg rétta mynd af því hvernig stjórnmalin fara fram og það er að miklu leyti vegna þess hvað birtingarmyndin er skökk. Það kemur mörgum á óvart þegar þeir koma í heimsókn á þing að sjá að þar sitja menn úr ólíkum flokkum saman, drekka kaffi og eru afslappaðir jafnvel þó þeir séu nýbúnir að takast á í þingsal. Það eru almennt ekki mikil persónuleg illindi milli manna.

Nú ert þú fimmti yngsti þjóðarleiðtogi heims, siglir rétt á eftir Kim Jong-un og konungnum af Bhutan. Finnst þér aldurinn hafa háð þér eitthvað?

Nei, mér hefur ekki fundist það. Ég velti þessu auðvitað fyrir mér en hef ekki fundið fyrir því. Mörgum erlendum fjölmöldum finnst þetta áhugavert, en ég held að þeim finnst það frekar jákvætt að hér á Íslandi geti svona ungur maður verið forsætisráðherra.

Ert þú ekkert hræddur um að þú sért bara búinn að toppa núna og svo verði allt niður á við héðan í frá?

(Hlær) Nei, það er náttúrulega hægt að gera margt annað skemmtilegt þó maður verði ekki forsætisráðherra til sjötugs. Það er hægt að toppa á ýmsan hátt á ýmsum sviðum.

Nú er mikil reiði víða í samfélaginu, og eflaust mörgum samfélögum. Fólk er að hrauna yfir hvort annað á kommentakerfum og láta ljóta hluti út úr sér. Tekur þú neikvætt umtal inn á þig?

Ég fylgist ekki mikið með þessu í dag. Þegar ég byrjaði í stjórnmalum fannst mér mikið um að alls konar rugli væri haldið fram um mig. Ég fór til gamans að halda utan um hinar og þessar sögur sem var verið að dreifa og ætlaði að gefa reglulega út „Topp tíu lista“ með athyglisverðustu bullsögnum. Síðan hætti maður nú að nenna að fylgjast með þessu og ég forðast alveg að lesa einhver kommentakerfi. Það er hins vegar alveg rétt að umræðan virðist vera býsna hörð. Þetta er að vissu leyti eflaust afleiðing af því hversu auðvelt er að koma öllu á framfæri á netinu, en líka því að menn leyfa sér að segja hluti sem fólk áður fyrr hefði í flestum tilvikum

hefði ekki sagt án þess að vera eitthvað drukkið eða illa fyrirkallað.

Þessi umræðuhefð held ég að sé sérstaklega varasöm fyrir íslenskt samfélag af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna þess hve Ísland er lítið og náð samfélag og þess vegna geta svona umræður orðið mun persónulegri en ella. Einnig eru Íslendingar mjög virkir í tækni og lífa mikið á netinu þannig að áhrifin verða ennþá sterkari hér. Þetta leiðir hins vegar vonandi til þess að við náum líka sönum fyrir en aðrir og nýtum netið frekar í uppbyggilega umræðu heldur en niðurnisfarsemi.

Sérstakt áhyggjuefni í þessu er einelti hjá börnum og unglingum, enda fara samskipti þeirra fram í mjög miklu magni á netinu og því koma oft upp ljót eineltismál hjá þeim í netheimum. Mér finnst internetið ótrúlega mögnuð uppfinning, en þar er líka hægt að gera mikinn skaða.

Nú hefur skófatnaður þinn fengið mikla umfjöllun nýlega, kannski skringilega mikla. Getur þú sagt okkur aðeins frá þessu atviki með hlaupaskóna og Obama?

Ég var að fara út að hitta norrænu leiðtogana og Bandaríkjaforseta í Stokkhólmi, en skömmu áður hafði ég tekið eftir rauðum blett á ristinni. Þetta byrjaði síðan að bólgna út og breiddist um allan fótinn sem fór að bólgna og skipta litum, þannig að ég komst engan veginn í spariskóna. Nóttina áður en ég átti að hitta Bandaríkjaforseta var ég kominn með hita og gat ekki einu sinni stigið í fótinn og gat því ekkert annað gert en að láta líta á málið. Ég lét lífverðina vita af þessu og þeir fóru með mig á sjúkrahús í Stokkhólmi. Þangað var keyrt með tvo löggubila fyrir aftan og tvo fyrir framan, sem var hálf sérkennileg aðstaða. Fyrsti maðurinn sem ég mætti var skólalæknir minn úr menntaskóla, en hann var læknir á staðnum. Ég fékk þarna staðfestingu á því að þetta væri sýking, fékk sterkari sýklalyf og hækjur. Það var hins vegar enginn möguleiki að koma fætinum í spariskóinn þannig að það var ekki annað að gera en að fara í gamlan strigaskó, sem ég gat ekki einu sinni reimað. Ég mætti síðan til fundar við forsetinn í óreimuðum strigaskóm á öðrum og spariskóm á hinum.

Ég mætti í óreimuðum strigaskó á öðrum og spariskó á hinum.

Þetta hafa þá bara verið gamlir skór í þinni eigu?

Já já, þetta voru gamlir og lúnir strigaskór. Ég átti reyndar aðra en ég setti þá í geymslu á hóteli á Akureyri einu sinni og sá þá aldrei aftur. Mér skilst að þeir hafi verið gefnir þannig að það er einhver heppinn Akureyringur að spóka sig um á þeim.

Var Obama hress?

Hann er í rauninni mjög líkur sjálfum sér eins og hann er í fjölmöldum. Stundum eru stjórnmalamenn nefnilega gjörólíkir í fjölmöldum og í eigin persónu en hann er mjög viðkunnanlegur og umhyggjusamur maður og spurði mig mikið út í hvernig ég hefði það í fætinum. Annars er hann mjög skipulagður í því hvernig hann setur hlutina fram og hugsar erindi sín sem röksemdafærslu sem hann byggir vel upp. Hann leyfir sér hins vegar líka að slá á létta strengi og er raunar afslappaðri innest þetta áhugavert, en ég átti von á. Þetta var mjög áhugavert að sitja með honum í þrjá tíma og spjalla um ólík mál og hann var ófeiminn við að svara erfíðum spurningum um hluti eins og t.d. Sýrlandsmálið.

Nú hafa birst ýmsar skemmtilegar myndir af þér og Bjarna Ben saman og jafnvel talað um „brómans“ í því samhengi. Hvernig er sambandið hjá ykkur strákunum?

(Hlær) Jú, við náum mjög vel saman. Bjarni er einstaklega finn maður og viðkunnanlegur. Það er rétt sem þú segir að það er búið að taka alveg ótal svona myndir og til er rétt mynd við hvaða frétt sem er, svona til þess að yta undir boðskapinn. Við eigum hins vegar gott samband þó við séum úr ólíkum flokkum og með ólíka sýn á ýmsa hluti. Hann er almennt bara virkilega góður gæi myndi ég segja.

Hvernig var æskan hjá þér? Í hvaða skóla gekkst þú?

Ég var í Ölduselsskóla og síðan í MR. Ég get varla reynt að ljúga því að ég hafi verið mikill ólátabelgur. Ég var frekar rólegur krakki og var heima með foreldrum mínum að horfa á Derrick jafnvel þegar vinirnir voru farnir út að skemmta sér. Ég var mikið í bókum og með vinum eitthvað að nördast en ekki í miklu fjöri kannski svona framan af.

Hvert var draumastarfið í æsku?

Móðir mín segir allavega að fimm ára hafi ég ætlað að verða forsætisráðherra. Síðar var ég hættur við það eins

SIGMUNDUR Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 120375

Skóstaerð á vinstri fæti: 46

Fyrirmynd í æsku:

Abraham Lincoln

Skeggvöxtur: Viðunandi

og kom fram en hef velt ýmsu fyrir mér í millitíðinni. Einhvern tímann langaði mig að verða byggingaverkfræðingur, síðan hugleiddi ég að verða sprengjufraeðingur, eðlisfræðingur, hafði áhuga á stærðfræði o.s.frv. Síðan þegar ég var reyndar kominn fast að þrítugu fylgdist ég með slökkviliðinu slökkva í húsi í Kópavogi og þá langaði mig að verða slökkviliðsmaður. Ég hef því haft áhuga á ýmsu, eins og sést.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Þar komum við aftur að fyrra vandamálinu, maður hefur dottið út úr ýmsu sem maður gerði áður. Áhugamálín eru afskaplega fjölbreytileg. Í tónlist get ég hlustað á mjög ólíka hluti, þó ég sé ekki beint „alæta á tónlist“ eins og margir segja. Mér finnst mismunandi tónlist mjög góð og alls kyns mismunandi tónlist líka mjög slæm. Ég get hlustað á allt frá Bing Crosby alveg að ýmsum gerðum af þungarokki. Mér hefur líka verið sagt að ég sé með „samkynhneigðan tónlistarsmekk“ vegna þess að ég hef gaman af ABBA, Petshop boys og alls konar 80's tónlist. Hvað varðar önnur áhugamál

eru þau líka mjög fjölbreytt. Ég hef t.d. brennandi áhuga á sögu og er líka mikill safnari. Það er reyndar varasamt að tala um þessa hluti, en ég tók það einu sinni fram í viðtali að ég væri safnari og var þá spurður „já, hverju safnarðu?“. Ég svara því til að ég safni alls konar hlutum og hafi meira að segja hirt sérmerktar servíettur. Þá kom risastór fyrirsögn: „Safnar sérmerktum servíettum“ og síðan þá hefur fólk verið að gefa mér slíkar. Ég á því ágætis servíettusafn.

Ert þú með einhvern leyndan hæfileika?

Það er ekkert merkilegt sem ég man eftir. Ég hef það allavega umfram fjármálaráðherra, eða hinn íslenska Spock, að geta gert „Live long and prosper“ merkið. Ég gat líka hlaupið gríðarlega hratt. En það eru nokkur ár og nokkur kíló síðan það var.

Nú er nokkuð áhugaverð mynd búin að ganga um netið þar sem andliti þínu og Bjarna Ben er skeytt saman. Útkoman er sláandi lík sjónvarpsmanninum Ásgeiri Kolbeinssyni, kannast þú við kauða?

Já já, ég þekki Ásgeir vel. Við vorum saman í grunnskóla og vorum ágætis félagar þar. Hann byrjaði strax að „DJ-ast“, var í búrinu í frímínútum og á skólaböllum að spila plötur. Ég hef alltaf kunnað vel við hann þannig að þetta er ekki slæm niðurstaða, ekki leiðum að líkjast.

Ég hlusta á allt frá Bing Crosby til þungarokks.

Að lokum, hvar sérð þú þig eftir 20 ár? Eru stjórnmálin framtíðarstarf?

Þetta er erfið spurning, ég hef áhuga á mjög mörgu en einbeiti mér bara að stjórnmálanum að sinni. Ég hef því ekkert velt því fyrir mér hvað ég fer að gera ef ég hætti í þeim. Ef til þess kemur að ég hætti einhvern tímann þá kemur allavega margt til greina, en slíkar vangaveltur fá að bíða betri tíma.

TÓNLIST

Uppáhalds hljómsveit: Engin ein en ég get nefnt margar góðar, t.d. Duran Duran, Oasis, Muse, Pulp, Keane, flestar íslenskar hljómsveitir og allar sænskar hljómsveitir.

Lag sem lýsir lífi mínu best þessa stundina: Áfram veginn

Uppáhalds lag: Allt of mörg til að hægt sé að velja eitt úr.

Versta tónlistarstefna: Stefnur sem gleyma alveg takti og melodíu.

ANNADHVORT EÐA

Nike eða Asics: Ég hef aldrei átt Asics skó en átti Nike skó sem reyndust vel

Pylsa eða pulsa: Pylsa

Slaufa eða bindi: Bindi (nema slaufan sé bleik)

Ræðustóll eða Lazy boy stóll: Ræðustóll þótt hinir séu vissulega þægilegir.





Líður þér svona?



Fáðu þér síma sem veitir þér frelsi

Með Samsung Galaxy S4 ert þú við stjórnvölinn. Þú getur aðlagð símann að þínum þörfum, sett upp eigin flýtleiðir og verið skilvirkari í leik og starfi.

Kynntu þér málið á GalaxyS4.is

Samsung
GALAXY S4

**PARTÍ**

SKÓR: **TIMBERLAND**
BUXUR: **HM**
SKYRТА: **TOPMAN**
JAKKI: **ORIGINAL**

**HVERDAGS**

SKÓR: **FLOSSY (KEYPTIR Á SPÁNI)**
BUXUR: **HM**
SKYRТА & GOLLA: **TOPMAN**

**SPARI**

SKÓR: **NEXT**
BUXUR: **HM**
SKYRТА & JAKKI: **ZARA**
VESTI: **ORIGINAL**

**KÓSÍ**

STUTTBUXUR: **HM**
BOLUR: **PRIMARK**
HETTUPEYSA: **TOPMAN**

Þægilegur og kúl

Stíllinn fékk Júlíus Geir Sveinsson, eða Ryan Gosling Íslands eins og margir vilja kalla hann, í heimsókn nú á dögum. Júlíus stundar nám við Háskóla Íslands í lífeindafræði, hann elskar David Beckham og segir góða úlpu fyrir veturinn vera algjört möst.

Júlíus Geir, hvernig myndir þú lýsa sjálfum þér og þínum stíl?

Ég reyni að hafa minn stíl bara nokkuð einfaldan og þægilegan jafnvel. Mér finnst bara best að vera í því sem mér finnst kúl. Þannig kannski er ég bara einfaldur, þægilegur og kúl?

Hvað ert þú að bardúsa þessa dagana?

Þessa dagana er ég í Háskóla Íslands í lífeindafræði og einnig í pianónámi í Tónlistarskóla Kópavogs og bara á fullu í ræktinni. Svo vinnur maður inn á milli í Lyfju Smáralind!

Hefur þú alltaf haft gaman af tísku?

Mér hefur alltaf fundist David Beckham rosalega flottur gaur, það er eiginlega alveg sama í hvað hann fer þá púllar hann það alltaf.

Já, alveg lúmskt, mér finnst t.d. gaman að kaupa fót á sjálfan mig. Tala nú ekki einu

sinni um ef maður er erlendis með móður sinni, þá lætur maður hana borga reikninginn og hún hefur gaman af...

Átt þú þér einhverja tiskufyrirmynd, einhver sem veitir þér innblástur?

Mér hefur alltaf fundist David Beckham rosalega flottur gaur, það er eiginlega alveg sama í hvað hann fer þá púllar hann það alltaf. Það mættu margir taka hann sér til fyrirmyndar.

Í hvaða búðum verslar þú helst hér á Íslandi? En í útlöndum?

Svona þegar ég lít á fataskápinn minn þá sé

ég að flest fötin sem ég á eru keypt í útlöndum og ein uppáhaldsbúðin mín er Topman, get alltaf fundið eitthvað flott þar. Svo eru það líka þessar „beisik“ búðir eins og HM. Mér finnst líka geðveikt gaman í Primark þar sem maður fær mikið fyrir lítið.

Hver eru þín bestu kaup fyrr og síðar?

66°N úlpan mín. Búinn að eiga hana síðan í 10. bekk og hún hefur alltaf staðið fyrir sínu!

Hvað er algjört möst fyrir veturinn að þínu mati?

Það er klárlega eitt stykki góð úlpa og góðir vetrarskór!

FOCUS

Nýi orkudrykkurinn...
þessi öfluggi án sykurs!

Aðeins 2 hitaeiningar og 0,5 g kolvetni í 100 ml.

Koffín, guarana og ginseng... virkar strax!

15 kraftmiklar freyðitöflur í einum stauk.

Skellt út í vatn nákvæmlega þegar þér hentar
– heima, í vinnunni, skólanum, í ræktinni, í golfinu...

Handhægt, bragðgott og frábært verð

Vertu alltaf með orkuna við höndina og gríptu einn stauk af FOCUS í næsta apóteki .

Áhrifarík
innihaldsefni
- virkar
samstundis

Fæst í helstu apótekum, brokkoli.is



Rut Karls Jewelry

Rut Karlsdóttir, 24 ára stelpa úr Garðabænum, hannar virkilega fallega og öðruvísi skartgripa í pönkaralegum stíl. Innblástur sækir hún í umhverfið og frá fólkinu sem hún kynntist í Barcelona en þar var Rut í skóla.

Hver er Rut Karlsdóttir?

Ég er 24 ára stelpa með brennandi áhuga á öllu sem viðkemur list.

Hvenær og hvernig stóð það til að þú byrjaðir að hanna skartgripa?

Ég var að gera lokaverkefnið mitt við IED-skólann í Barcelona í fyrra. Hugmyndaflugið var mjög virkt og ég var stanslaust að leita að nýjum hugmyndum í öllu sem á vegi mínum varð. Ég fór að fíkta mig áfram í skartgripagerð og hef verið að þróa mig áfram í því síðan.

Hvernig myndir þú lýsa skartinu þínu?

Innblásturinn frá skartgripunum fékk ég í umhverfinu og frá fólkinu sem ég kynntist í Barcelona. Þau búa yfir dimmum, grófum og köldum stíl. Mín hönnun er hins vegar fíngræðari. Það er kannski smá pönkarayfirbragð yfir skartgripunum.

Hvar er hægt að kaupa skartið og á hvaða verðbili er það?

Það fæst hjá Dusted, sem nýverið opnaði verslun í Pósthússtræti 13. Einnig er hægt að versla í gegnum netið hjá þeim; www.dusted.is. Svo er hægt að panta í gegnum facebook-síðuna mína: <https://www.facebook.com/RutKarlsJewelry>. Skartgripirnir eru á verðbilinu 5.900 – 8.900 kr.

Hver eru þín framtíðarplön?

Ég hef mikinn áhuga á að læra fleiri listmiðla. Ég stefni á að sækja um í Myndlistarskólanum í Reykjavík á næsta ári. Ég vinn núna hjá Hjallastefnunni, á leikskóla, sem ég hef mjög gaman af. Ég hafði hugsað mér að sækja námskeið meðfram því, afla mér meiri þekkingar, tengt skartgripunum. Ég hef líka áhuga á ljósmyndun.



RUT SÆKIR INNBLÁSTUR TIL BARCELONA



XXXX XXXXXXXX XXX
XXXXXX XXXX XXXX

Matthew Williamsson fyrir Lindex

Síðastliðinn föstudagsmorgun frumsýndi Lindex nýju Matthew Williamsson-línuna sína. Margt var um manninn í Smáralind, fólk gæddi sér á gómsætum morgunverði sem var á boðstólnum og skoðaði svo fallegu fíkkurnar af miklum áhuga. Línan er virkilega skemmtileg, litrík og mikið er um myndur. Bleiki liturinn er ríkjandi en það er ekki að ástæðulausu því 10 prósent af söluandvirði línunnar renna til styrktar baráttunnar gegn brjóstakrabbameini. Einnig er hægt að kaupa bleika armband, sem er sérstök hönnun Matthews en 50 prósent af söluandvirði þess rennur til styrktar bleiku slaufunni. Stíllinn mælir sterkt með því að fólk geri sér ferð í Lindex, kaupi sér fallegar fíkur á góðu verði og styrki um leið gott málefni.





Nicorette® QuickMist munnholsúði

HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

nicorette® auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótínfíkn, til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnásjúkdóm, sykursýki, óvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgátúni 2, 210 Garðabæ.



Ungt fólk í forel

Það er meira en bara að segja það að ala upp annan einstakling, hvað þá ef maður á í fullu fangi með að mannast sjálfur. **Monitor** tók stöðuna á nokkrum ungmennum á aldrinum 19 til 25 sem öll eiga það sameiginlegt að hafa óvænt fengið þær fréttir að þau væru að verða foreldrar.

Finna fyrir aldrinum í ungbarnasundi

Auður Albertsdóttir og Jóhann Ólafsson búa á stúdentagörðum við Eggertsgötu en þau eiga saman soninn Ólaf sem kom í heiminn fyrir rúmum 6 mánuðum.

Hvernig kynntust þið?

► Það er svo fyllibyttulegt að segja í vísindaferð en að var samt bara þannig.

▲ Já, í sagnfræðivísindaferð í apríl 2011.

Hvernig uppgötvaði þið að Auður væri ólétt?

▲ Ég var ekki búin að borða neitt og var í klippingu og var eitthvað voða óglatt á meðan. Svo fór ég á Serrano og á undan mér í röðinni var einhver fitnesskona sem var að fá sér burrito. Hún stóð þarna yfir afgreiðslugæjanum „Baunir, meira af baunum, meira af baunum,“ og hann var bara að hella baunum og þá byrja ég að kúgast.

► Hún var orðin hvít í framan, og svo heima hjá Auði ætlaði ég inn á það að pissa og þá hljóp hún framhjá og gubbaði á teppið fyrir framan það.

▲ (Hlær) Svo var þetta bara staðfest hjá lækni.

Hvernig brást fólk í ykkar nærumhverfi við fréttunum?

► Það urðu bara allir rosa glaðir og hamingjusamir fyrir okkar hönd.

▲ Já, allir voru mjög stuðningsríkir.

Hvernig gekk meðgangan?

▲ Bara mjög vel. Ég gat verið í fullu námi fyrir áramót og 20 einingum eftir áramót, kláraði BA-ritgerð.

► Það komu ekki mörg hormónaköst.

▲ Það var bara í lokin þegar túlípanarnir dóu. Mamma hafði gefið mér þá og þeir dóu á einum degi af því ég gleymdi að vökva þá. Ég fór að hágráta.

► Ég vissi ekkert hvað var í gangi.

▲ Maður var svo brothættur.

► Já, talandi um, þá fórstu líka að gráta yfir IKEA-ramma.

▲ Já, við vorum nýbúin að kaupa hann og glerið splúndraðist þegar ég var að setja myndina í, en það hefðu nú allir farið að gráta við það.

► Ég fór bara að hlæja og varð frekar vandræðalegur þegar ég fattaði að hún væri ekki að hlæja.

▲ Þó meðgangan hafi gengið vel er samt alveg þúsl að vera í skóla á sama tíma. Ég skilaði ritgerð daginn eftir að við komum heim af spítalanum og þegar Óli var tveggja vikna fór ég í próf.

Finnið þið mikið fyrir því að þið séuð ungir foreldrar eða eru margir af ykkar vinum byrjaðir að stofna fjölskyldur?

► Það gleður mig að þú kallar mig ungan.

▲ Við eigum bara eitt vinapar sem á barn en við höfum kannski helst tekið eftir því að við séum í yngri kantinum í ungbarnasundi.

► Já, úff. Við erum sko ung þar. Fólk í kringum okkur var allt orðið gráhært og gamalt.

Þið fluttuð inn saman þegar Auður var komin nokkuð á leið, voru það mikil viðbrögð?

► Já já, en við hefðum nú flutt inn saman fyrr eða síðar hvort eð er.

▲ Þetta gerðist auðvitað hratt en maður geymir alltaf svona hluti þar til „rétti“ tíminn kemur en það er auðvitað ekkert til sem heitir rétti tíminn svo ég er bara mjög ánægð að þetta gerðist svona.

Auður var í fæðingarorlofi í sumar og nú ert þú í fæðingarorlofi Jóhann, er þetta bara frí og kósíheit?

► Ó nei. Þetta er góður tími, en þetta er ekki frí.

▲ við erum auðvitað mjög heppin því Óli er alveg yndislegur og rosa rólegur. Það er alveg gaman að vera í fæðingarorlofi en það er alls ekki frí. Við Jóhann erum til dæmis búin að ætla að horfa á tiltekna mynd saman síðan í ágúst og vorum loksins að gera það núna í október.

Breyttust framtíðaráætlanir mikið í kjölfar óléttunnar?

▲ Nei, þegar ég varð ólétt hringdi pabbi minn í mig. Hann byrjaði á að segja hvað þetta væri frábært og bætti því svo við að ég mætti aldrei láta þetta stoppa mig í því sem ég vil gera. Maður getur ekki notað barnið sitt sem einhverja afsökun fyrir því að láta ekki hlutina gerast.



„Æ, hún fékk sér aðeins of mikið í gær“

Hvernig var að vera ólétt síðustu mánuðina af menntaskólagöngu sinni?

► Það var mjög skrítið. Kannski sérstaklega af því að það sem ég var að hugsa um var svo langt frá því sem hinir krakkarnir voru að hugsa um. Ég fór samt í viku í útskriftarferðina og það var bara merkilega skemmtilegt. Það var líka alltaf einhver sem var ekki ógeðslega fullur og maður gat þá tjillað með.

Kom óléttan ykkur á óvart?

► Já, þetta var ekki planað. Við vorum á leiðinni til S-Ameríku og ætluðum að ferðast og svona. En þetta var samt mjög velkomið.

► Já, mjög svo.

► Eins og og John Lennon sagði „Life is what happens to you while you're busy making other plans.“

► Við vorum búin að safna einhverjum pening en hann nýttist í ýmislegt annað.

► Eða bara í að ferðast seinna.

Hvernig brást fólk við fréttunum?

► Það fór mikið eftir fólki. Fólk sem átti kærustur eða kærasta óskaði manni til hamingju og voru stolt af því að við værum að gera þetta en svo á ég einhleypa vini sem spurðu „Varstu of sein að fara í fóstureyðingu?“

► Hjá mér var þetta bara mjög jákvætt. Ég fékk ekkert skrítið „vibe“ frá neinum. Ég var auðvitað búinn með menntaskólann og þó svo að það muni bara þessu eina ári þá munar alveg um það þegar kemur að hugarfari fólks.

En þið sjálf? Hvernig komust þið yfir fyrsta sjokkið?

► Ég held að það hafi hjálpað okkur mikið að vera hjá systur minni í Danmörku yfir páskana. Þetta síaðist svona inn í rólegheitum og það var einmitt það sem ég þurfti.

► Þá vissi þetta líka enginn nema hún og kærastinn hennar og eina leiðin til að fela þetta í kringum allan bjórninn í Danmörku var að segja alltaf að Elinóra væri bara mjög þunn. Vinir kærastans hennar voru einu sinni að spyrja í einhverju partí af hverju hún væri ekki að drekka og þá svaraði hann: „Æ, hún fékk sér



JÓHANN

Fyrstu sex: 020288
Uppáhaldsbarnaefni:
Múminálfarnir.
Í morgunmat fékk ég
mér: Hafragraut.

ÓLAFUR

Fyrstu sex: 080413
Uppáhaldsbarnaefni:
Fréttir, Kastljósið og
Friends. Litirnir og
lætin gleðja.
Í morgunmat fékk
ég mér: Mjól.

AUÐUR

Fyrstu sex: 151089
Uppáhaldsbarnaefni:
Mörgæsin Þingu.
Í morgunmat fékk ég
mér: Vanilluskýr.

drahhlutverkkinu



BRAGI

Fyrstu sex: 310792
Uppáhaldsbarnaefni: Lion King.
Í morgunmat fékk ég mér: Hafragraut.

ELÍN

Fyrstu sex: 250193
Uppáhaldsbarnaefni: Ég hef ekki horft á barnaefni mjög lengi en þegar ég var lítil horfði ég mest á Pocahontas.
Í morgunmat fékk ég mér: Hafragraut.



MARÍA ERLA

Fyrstu sex: 120612
Uppáhaldsbarnaefni: Nemó
Í morgunmat fékk ég mér: Afganginn af kornfleksinu hennar mömmu.

HULDA HVÖNN

Fyrstu sex: 150294
Uppáhaldsbarnaefni: Múminálfarnir.
Í morgunmat fékk ég mér: Kornfleks með rúsínum og mjólk.

„Ekki panikka“

Hulda Hvönn Kristinsdóttir er lögfræðinemi og nýlega einstæð 19 ára móðir hinnar 16 mánaða Maríu Erlu Aronsdóttur.

Hvernig uppgötvaðir þú að þú værir ólétt?

Ég var á tyllidögum í MK sem er svona þemavika. Ég var búin að vera að kvarta yfir því að mér væri flökurt og barnsfaðir minn fór og keypti handa mér óléttupróf í Hagkaup. Ég tók það, við komumst að því að ég værir ófrísk og svo fór ég aftur í skólann og hélt áfram með daginn.

Kom einhvern tímann eitthvað annað til greina en að eignast barnið?

Nei, ég hef ekkert á móti fólki sem velur aðrar leiðir en það kom ekki til greina hjá okkur.

Þið barnsfaðir þinn eruð ekki lengur saman eða hvað?

Nei, við giftumst í fyrra en skildum í ár. Þetta var ekki mjög langlíft hjónaband (hlær).

Setti meðgangann ekkert strik í reikninginn þegar kom að náminu?

Nei, ég útskrifaðist á tveimur árum. Það voru margir sem héldu að ég hefði dúxað en svo var ekki. Ég fékk hinsvegar svo mikið af verðlaunum að manneskjan við hliðina á mér þurfti að halda á þeim fyrir mig. Ég átti bara tvær vikur eftir af meðgöngunni þá og náði varla fram fyrir bumbuna á mér.

Hvernig voru viðbrögð foreldra ykkar?

Við hringdum í foreldra hans. Mamma hans var mjög almennileg með þetta enda eignaðist hún hann á svipuðum aldri. Hún sagði að auðvitað yrði barnið velkomið í heiminn en bætti við að við ættum samt val. Pabbi hans var ekki alveg jafn lífbó, hann sagði „Ég er að búa til pítsu, ég heyrir í ykkur á eftir,“ (hlær). Pabbi minn sagði „Oh Hulda, ég get eiginlega ekki óskað þér til hamingju strax,“ en bessevisserinn mamma mín sagði bara „Ég vissi það!“. Við höfum samt fengið mikinn stuðning hjá fjölskyldum okkar. Ég bý með systrum mínum og ég veit ekki hvar ég væri án þeirra.

Fenguð þið að vita kynið fyrirfram?

Nei, ég var á fjórum fótum í fæðingunni og var í svo miklu tilfinningalegu uppnámi þegar hún fæddist að ég heyrði ekkert sem var sagt við mig. Henni var svona einhvern veginn smeygt upp á milli lappanna á mér og það fyrsta sem ég gerði var að moka naflastrengnum frá til að sjá hvort kynið þetta væri.

Varðst þú fyrir barðinu á slúðri í kringum óléttuna?

Oh já, ég hef heyrt að hún sé rangfeðruð og að með því að

giftast barnsföður mínum hafi ég verið að reyna að hylma yfir það. Svo hélt fólk að hann hefði bannað mér að nota getnaðarvarnir af því að hann væri einhver öfgatrúarmaður.

Þú eignaðist barn ung og ert á undan í námi, ertu að flýta þér?

Mér hefur verið sagt af foreldrum að mér liggi almennt mjög á í lífinu. Ég hef alltaf verið sterkur námsmaður og fengið niður og tíur en þegar María var þriggja mánaða fór ég í lögfræði í HÍ. Ég tók innganginn og fékk bara 7 sem var svolítið áfall fyrir mig. Það var erfitt að fá dagmömmu og svona og hún var svo lítil svo ég tók mér pásu og byrjaði bara aftur í haust og er tæknilega á fyrsta ári. Það er svo sem allt í lagi. Maður er ekkert tekinn neitt voðalega alvarlega í lögfræðinni þegar maður er 18 ára.

Hefur þú eitthvað komist inn í háskóladjammið?

Nei, ég hef aldrei farið í Vísindaférfé og ég er ekki einu sinni skráð í Orator. Ég fer alveg á djammíð eins og hver annar enda er pabbavika aðra hverja viku. Flestir vinir mínir eru hinsvegar enn í menntaskóla svo í hádegishléum í HÍ keyri ég oft niður í MK og er þar eins og mesti aðskotahlutur.

Hefur þú upplifað að fólki finnist þú ekki vera jafn hæf móðir sökum aldurs þíns?

Í sjálfu sér ekki enda heldur fólk yfirleitt að ég sé eldri en ég er vegna þeirrar stöðu sem ég er í og ég held því bara þannig. En þegar fólk heyrir hvað ég er gömul þá eru alltaf einhverjir sem telja sig vita nákvæmlega hvernig ég ætti að ala upp barnið mitt. Maður reyndi fyrst að gera öllum til geðs en þegar ég fattaði að það væri ekki hægt ákvað ég að gera hlutina bara eftir mínu höfði.

Hefur þú eitthvað fram að færa við ungar stúlkur sem gætu verið í sömu stöðu og þú varst í 17 ára gömul?

Það vita allir að það er rosaleg skuldbinding að eignast barn en hún er svo allt öðruvísi en maður á von á. Það var sagt við mig eitthvað um að þetta væru bestu ár ævi minnar og hvort ég myndi ekki sjá eftir þeim en málið er að það er alltaf eitthvað sem maður þarf að fórna, hvort sem maður er ungur eða ekki. Svo það fyrsta sem ég myndi segja er: Ekki panikka, slakaðu á. Þetta er ekki endirinn. Þú getur gert allt sem þú vilt. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir þér nema þú sjálf/ur og þín hugmynd um hvað er framkvæmanlegt og hvað ekki.

aðeins of mikið í gær,“ og þá minnstust þeir ekki á það aftur.

Hvernig hefur meðgangann gengið hingað til?

➤ Bara miklu betur en ég þorði að vona. Ég held ég hafi gubbað einu sinni en hvað hormónana varðar jú...
➤ Maður kemst náttúrulega ekkert hjá þeim. Maður veit af þessum tilfinningasveiflum og tekur ekkert mark á þeim í sjálfu sér.

Þú hefur þá ekki tiplað á tánum í kringum hana?

➤ Neeeee...
➤ Smá.
➤ Jú, (þau hlæja) smá.
➤ Ég held alveg að ég sé búin að vera smá erfið en samt er það kannski bara eðlilegt.

Hafið þið þurft að breyta ykkar venjum mikið?

➤ Svo sem ekki. Ég hætti að reykja.
➤ Það er mest bara djammíð. Ég er aðallega bara að fara niður í bæ til að spila eða til að fá mér einn eða tvo bjóra. Það er samt öðruvísi.
➤ Ég myndi fyrir það fyrsta ekki meika að djamma hvort eð er.
➤ Já, maður er kannski bara búinn með skammtinn (hlær).

Hvernig gekk námið meðfram meðgöngu?

➤ Ég kláraði allavega alveg. Ég hafði strax samband við námsráðgjafa svo þær vissu af þessu svona ef ég missti af fyrstu tímunum eða eitthvað álíka. Svo vissi ég af tveimur kennurum í Verzló sem höfðu eignast sitt fyrsta barn í menntaskóla og það hjálpaði mér mikið að hafa svona flottar konur sem fyrirmyndir. Mig langar að fara í háskóla næsta haust en þá bara í einn, tvo áfanga því strákurinn verður auðvitað ennþá svo lítill.

Nú er farið að stytast í þetta, eruð þið tilbúin með töskuna fyrir fæðingardeildina?

➤ Reyndar ekki en í gær helltist það svolítið yfir okkur að við værum ekki búin með neitt. Við föttuðum að þetta gæti gerst bara núna svo við tókum okkur til og gerðum bara allt í gær. Settum upp rúmið, byrjuðum að skoða sjúkrahúskittið og svoléiðis.

Ný Dogma búð í Kringlunni!

(á móti Símanum)



Strákar!
ferskar
sendingar frá...

**RVL™
REVOLUTION**

just junkies

adidas

CONVERSE®

NIKE

...komnar í hús

Deres

Kringlan | s.512 1755

fylgist með okkur á **facebook** | **Instagram** #dereskringlan

skjámenning

„It used to be about trying to do something. Now it's about trying to be someone.“
The Iron Lady



FRUMSÝNING HELGARINNAR

Málmhaus

Æska Heru Karlsdóttur er áhyggjulaus í sveitinni þar til harmleikur dynur yfir. Eldri bróðir hennar deyr af slysförum og Hera kennir sjálfri sér um dauða hans. Sorgin og reiðin gera henni erfitt fyrir og hún á erfitt með að tengjast fólkinu í kringum sig. Hera finnur þó sáluhjálp í þungarokki og dreymir um að verða rokkstjarna en foreldrar hennar eiga hinsvegar við sorgina með þögn og afneitun. Kvikmyndin Málmhaus hefur þegar vakið athygli á kvikmyndahátíðum erlendis og hlotið mikið lof gagnrýnenda en nú er loksins komið að okkur Íslendingum að berja hana augum.

Leikstjóri: Ragnar Bragason
Aðalhlutverk: Þorbjörg Helga Dýrfjörð, Ingvar E. Sigurðsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Sveinn Ólafur, Hannes Óli Ágústsson.
Lengd: 100 mínútur.
Kvikmyndahús: Smárabíói, Háskólabíói, Laugarásbíói, Borgarbíói Akureyri, Selfossi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akranesi og Keflavík.

VILTU VINNA MIÐA?

facebook.com/monitorbladid



TÖLVULEIKUR



**Beyond:
Two Souls**

AAAA

Tegund:
Hasar- og
ævintýraleikur

PEGI merking: 18+

Útgefandi:
Sony

Dómar:
9 af 10 – Gamespot
6 af 10 – IGN.com
6 af 10 – Eurogamer.net

Tilfinningaríkur rússíbani

Leikjahönnuðurinn David Cage er alltaf að springa úr spennungi. Ástæðan er sú að hann vill segja fólki sögur í gegnum tölvuleiki. Þegar hefur hann slegið í gegn með leikjum á borð við Fahrenheit og Heavy Rain, en báðir þessir leikir þóttu veita einstaka upplifun og mjög spennandi sögu.

Nýjasti leikur Cage er Beyond: Two Souls. Hér segir hann sögu Jodie Holmes, en allt frá fæðingu hefur hún haft yfirnátúrlega veru fasta við sig, en þessi vera heitir Aiden og er hálfgerður verndari Jodie. Leikmenn fá að fylgja Jodie frá 8 ára aldri og þar til hún verður 23 ára. Sagan keyrir fram og til baka í tíma og eftir því sem á líður ná leikmenn að púsla atburðarásinni saman.

Spilun leiksins er í eðli sínu frekar einföld og stundum líður manni eins og maður sé staddur í gagnvirkri kvikmynd frekar en tölvuleik. Stóran hluta leiksins er Jodie stýrt með einföldum skipunum rétt til að keyra atburðarásina áfram. Auk Jodie, geta leikmenn einnig stýrt Aiden og fá leikmenn þar að upplifa hvernig stuðið er á andlega sviðinu. Aiden veigar sér ekki við að drepa fólk til að vernda Jodie og einnig getur hann beitt allskyns brögðum til að hræða fólk og einnig getur hann fært hluti úr stað.

Það er mun meiri hasar í Beyond: Two Souls en í til að mynda Heavy Rain og einnig er spilunin fjölbreyttari. Leikmenn lenda í atvikum þar sem spennan

verður óbærileg, önnur atriði spila á tilfinningar manns eins og munnhörpu og svo eru atriði þar sem ganga þarf í dagleg atvik eins og að elda mat, taka á móti börnum og fleira.

Graffikin í Beyond: Two Souls er einstök, en leikararnir eru skannaðir inn í leikinn með fullkomnu tækni og kemur það mjög vel út, en Ellen Page er í hlutverki Jodie Holmes og Willem Dafoe í hlutverki


Nathan Dawkins. Leikur þeirra er stórgóður og trúverðugur og gaman að sjá þessi gæði í tölvuleik. Tónlistin kemur einnig vel út og keyrir upp spennuna í atriðunum og yfir einnig undir dramatíkuna þegar þannig stendur á.

Ég var teygður og togaður tilfinningalega eftir að hafa spilað leikinn og hann skildi einnig eftir margar skemmtilegar þælingar, en auk þess þá fann ég til söknunar eftir að ég kláraði hann, enda búinn að tengjast trúverðugum persónum hans í marga klukkutíma og voru þær orðnar eins og mjög góðir gestir í stofunni heima.



**ÓLAFUR ÞÓR
JÓELSSON**

MORGUNBLAÐIÐ KYNNIR



E-MOGGINN

BLAÐ SNJALLRA LANDSMANNA

Nú færðu Morgunblaðið í rafrænni útgáfu fyrir spjaldtölvur og snjallsíma*

NJÓTTU GÓÐS AF TÆKNI 21. ALDAR

Fáðu Moggann þinn hvar sem er og hvenær sem er



*RAFRÆNN ÚTGÁFA MORGUNBLAÐSINS. E-MOGGINN, FÆST BÆÐI FYRIR IPAD OG ANDROID 2.2. OG NYRRI ÚTGÁFUR.

SIÐENSKI SAUMMORGUN 06/13


**PANTAÐU ÁSKRIFT
AÐ E-MOGGANUM STRAX**

90% AFSLÁTTUR FYRIR ÁSKRIFENDUR
MORGUNBLAÐSINS AF E-MOGGANUM.
BÆÐI FYRIR IPAD OG ANDROID.

PANTAÐU ÁSKRIFT Í SÍMA 569 1122 EÐA Á
WWW.MBL.IS/ASKRIFT

Morgunblaðið

LET THE GAMES BEGIN



ARC-TIC
ICELAND

Íslensk hönnun

Svissneskt gangverk

2 tíma GMT úr



Ofnæmisfrítt 316 L stál

200 metra vatnshelt

Sjálflýsandi stafir

Skrúfuð króna

Safír kristall



ARC-TIC Iceland úrin fást í verslun okkar Laugavegi 18b.

Aðrir útsöluastaðir: Gilbert úrsmiður Laugavegur 62, Gullbúðin Bankastræti 6,
Epal Harpa, Meba Kringlan/Smáralind, Guðmundur Hannah Akranesi,
Karl úrsmiður Selfossi og Bláa Lónið Grindavík.

www.arc-tic.com - www.facebook.com/ArcticIceland - info@arc-tic.com - Sími: 571 1177